


TÍMANS

Ný bók um ERRÓ, sem út kemur í tilefni Listahátíðar gefur góða hugmynd um verk þessa sérstæða málara, sem einn íslenzkra myndlistarmanna hefur hlotið alþjóðlega frægð.



imfórn, 75x98 cm, 1976.

þeim öllum. Fylgdist hann með verkinu frá upphafi, fékk skissur af uppsetningu þegar þær lágu fyrir í upphafi og síðan bókina uppsetta í heild — og var mjög ánægður með það verk.

Það sem ég hafði í huga var að gefa út bók á ensku, fyrir alþjóðlegan markað. Ég lagði mikla vinnu í samband við bókaforlög í ýmsum löndum og bauð þeim samþrent, þ.e.a.s. útgáfur á mismunandi tungumálum. En þegar það komst á dagskrá að Erró sýndi hér á listahátíð 1978 varð ljóst, að ég yrði helst að láta bókina koma út samtímis — og

var þá tíminn orðinn of naumur til þess a von væri í að ná einhverjum árangri á erlendum markaði. Því má að sjálfsögðu bæta við að með aðsetur á Íslandi er ákaflega erfitt að stofna til og viðhalda góðum samböndum við útgefendur í meginlandslöndum — og þarf mikinn tíma og langan til undirbúnings, ef reyna á að koma einhverri bók á framfæri á þeim vettvangi.

Málið þróaðist hins vegar á þá lund að ég ákvað að bjóða íslenska útgáfu af bókinni innlendu forlagi og fór svo að Almenna bókatélagið, eða öllu

heldur Bókaklúbbur AB keypti íslenzku útgáfuna, sem ég framleiði fyrir AB samtímis þeirri ensku.


Bókin þróaðist þannig í höndunum á mér í allri gerð og frágangi að ógerningur var að framleiða hana hérlendis vegna mikils kostnaðar, leitaði ég víða — og á endanum varð ég að gera upp á milli tveggja prentsmíðja suður á Ítalíu. Önnur þeirra var ein af fjölmörgum sem erlendir kollegar mínir í útgáfubransanum höfðu bent mér á, og ég heimsótti í þessu skyni; hin var prentsmíðja, sem Erró hafði sjálfur haft

svolítill kynni af. Í trausti þess að sú síðarnefnda legði sig fram af alúð vegna kunningskappar við Erró, valdi ég hana. Þar voru flestar litfilmur gerðar, nokkrar höfðu verið gerðar í Hollandi áður til prufu, en vegna vaxandi kostnaðar þar varð ég að hætta við að framleiða bókina í Hollandi, eins og ég hafði þó ætlað mér áður.“

Um bókina er að öðru leyti það að segja, að Bragi Ásgeirsson skrifar formála um listamanninn og er það vel af hendi leyst eins og allt sem Bragi lætur frá sér fara um myndlistarmálefni.

Matthías Johannessen skrifar grein um Erró í bókina á þann hátt sem honum er lagið og byggir á kynnum sínum af listamanninum sem stadið hafa allt frá því Erró hélt sýna fyrstu sýningu í Reykjavík.

Gísli B. Björnsson og Edda Sigurðardóttir í Auglýsingastofunni h/f hafa séð um hönnun bókarinnar. Bæði útlit og prentun hafa tekizt eins og bezt verður á kosið og af þeim sökum er bókinn kjörgripur. Hún er 80 síður, tileinkuð föstra Errós, Siggeir á Klaustri og alls hefur hún að geyma 59 litmyndir af verkum Errós. G.S.



Erró ásamt Vilai Permchit, sambyliskonu sinni, sem er frá Thailandi.

New-Yorkskrifstofan, 100x74 cm, 1976, ein af mörgum myndum Errós, þar sem Mao formaður kemur við sögu.

